Genie
A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

Raðnúmerasvið

GS™-1432m
GS™-1932m
GS™-1932m XH

CE
UK
CA

með
viðhaldsupplýsingum

Translation of Original
Instructions
Third Edition
First Printing
Part No. 1331911ISGT

Manufacturer:

Terex Global GmbH
Bleicheplatz 2
Schaffhausen, 8200
Switzerland

EU Authorized representative:

Genie Industries B.V.
Boekerman 5
4751 XK OUD GASTEL
The Netherlands

UK Authorized representative:

Genie UK Limited
The Maltings
Wharf Road
Grantham
NG31 6BH
UK

Efni

Inngangur 1
Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu 5
Almennt öryggi 8
Öryggi manna 11
Öryggi á vinnusvæði 12
Skýringartexti 20
Stjórntæki 21
Skoðanir 25
Notkunarleiðbeiningar 38
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 53
Viðhald 58
Tæknilýsing 60

Höfundarréttur © 2020 Terex Corporation

Þriðja útgáfa: Fyrsta prentun, Nóvember 2025

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og fjölda annarra landa. „GS“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc.

CE Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

UKCA (Öryggis)reglur um veitingu á vélbúnaði 2008

Inngangur

Um þessa handbók

Við hjá Genie erum þakklát fyrir að vél okkar hafi orðið fyrir valinu. Öryggi notenda nýtur forgangs hjá okkur og því náum við best í samvinnu við þá. Þetta er handbók um notkun og daglegt viðhald fyrir notendur Genie-véla.


Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni og hún ætti alltaf að fylgja henni. Ef einhverjar spurningar vakna skal hafa samband við Genie.

Auðkenning vöru

Raðnúmer vélarinnar má sjá á raðnúmeramerkimiða.

Raðnúmeramerkimiði er staðsettur í hleðslugrind.

Raðnúmerið er stimplað á undirvagninn



Ætluð notkun og leiðbeiningar

Þessi vél er aðeins ætluð til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu. Áður en vélin er notuð ber stjórnandi ábyrgð á því að lesa og skilja þessar leiðbeiningar.

- ☑ Hver einstaklingur þarf að fá þjálfun til að nota færanlega og hækkanlega vinnupalla (MEWP).
- ☑ Hver einstaklingur sem hefur til þess heimild og þjálfun og er til þess hæfur skal kynna sér notkun kranans.
- ☑ Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota vélina.
- ☑ Stjórnandinn ber ábyrgð á að lesa, skilja og hlýða leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum í stjórnandahandbókinni.
- ☑ Stjórnandahandbókin er staðsett í handbókargeymslunni á pallinum.
- ☑ Upplýsingar um ákveðna notkun vöru er að finna í **Samband haft við framleiðanda**.

Inngangur

Tákn fyrir stjórntæki á palli og tengdar hreyfingar vélarinnar:


Hnappur til að virkja lyftuaðgerðir


Hnappur til að virkja akstursaðgerðir


Pallur upp/niður (þegar lyftuaðgerð er valin)


Aka áfram/aftur á bak (þegar akstursaðgerð er valin)


Stýra til hægri/vinstri (þegar akstursaðgerð er valin)


Notkunarsvið, innanhússhnappur


Notkunarsvið, utanhússhnappur

Tákn fyrir stjórntæki á jörðu niðri og tengdar hreyfingar vélarinnar:


Hnappur til að virkja lyftuaðgerðir


Upp-/niðurhnappur palls

Raðbundnar aðgerðir og hreyfing:

- Akstur og stýring.

Samfastar aðgerðir:

- Akstursbraði með pall uppi.
- Akstursbraði með pall uppi og ekki á jafnsléttu.
- Öll stjórntæki á palli og jörðu niðri.

Notkunartakmarkanir:

- Þessi vél er aðeins ætluð til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu.
- Ekki hækka pallinn nema vélin standi á traustri jafnsléttu.

Inngangur

Dreifing á tilkynningum og eftirfylgni við þær

Öryggi notenda er Genie afar mikilvægt. Genie sendir frá sér ýmsar tilkynningar til að miðla mikilvægum upplýsingum um vörur og öryggismál til umboðsaðila og eigenda véla.

Upplýsingarnar í þessum tilkynningum eru merktar einstökum vélum með gerð og og raðnúmeri.

Dreifing á tilkynningum miðast við nýjustu upplýsingar um eiganda og viðkomandi söluaðila. Það er því mikilvægt að skrá vélina og uppfæra samskiptaupplýsingar.

Gættu þess að fylgja viðeigandi tilmælum í tilkynningum til að tryggja öryggi starfsmanna og áreiðanleika vélarinnar.

Kíktu á vefsvæðið okkar, www.genielift.com, til að skoða opnar tilkynningar um vélina þína.

Samræmisyfirlýsing

Afrit af upprunalegri samræmisyfirlýsingu má finna á vefsíðunni https://my.genielift.com.

Samband haft við framleiðanda

Stundum gæti reynst nauðsynlegt að hafa samband við Genie. Í slíkum tilfellum skal gefa upp númer gerðarinnar og raðnúmer vélarinnar, auk nafns og samskiptaupplýsinga. Alltaf skal hafa samband við Genie vegna:

Tilkynningar um slys

Spurninga varðandi notkun og öryggi

Upplýsingar um staðla og reglugerðir

Upplýsinga um núverandi eiganda, svo sem eignarhaldsbreytinga á vél eða breyttra samskiptaupplýsinga. Sjá Eignarhaldsbreytingu, fyrir neðan.

Eignarhaldsbreyting á vél

Með því að gefa þér nokkrar mínútur í að uppfæra upplýsingar um eiganda tryggir þú að þú fáir mikilvægar upplýsingar um öryggi, viðhald og notkun vélarinnar.

Skráðu vélina með því að fara á www.genielift.com eða hringja gjaldfrjálst í okkur í síma 1-800-536-1800.

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Þú forðist hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Viðhald öryggisskilta

Skiptu um horfin eða skemmd skilti. Hafðu öryggi stjórnenda vélarinnar í huga öllum stundum. Notaðu milda sápu og vatn til að hreinsa öryggisskilti. Ekki nota hreinsiefni sem byggjast á leysiefnum því þau geta skemmt öryggisskiltin.

Flokkun hættu

Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörunartákn – notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákni til að forðast möguleg meiðsli eða dauða.

⚠HÆTTA Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.

⚠AÐVÖRUN Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.





⚠VARÚÐ Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið minniháttar meiðslum.

TIL ATHUGUNAR Gefur til kynna eignatjón.





Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Lestu handbók fyrir stjórnanda tækisins	 Lestu þjónustuhandbókina	 Hætta á að kremjast	 Hætta á að kremjast	 Árekstrarhætta
 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á raflosti
 Hætta á raflosti	 Sprengihætta	 Eldhætta	 Hætta á bruna	 Hætta á stungu í húð


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Virkjaðu öryggisarm	 Haltu þig frá hlutum á hreyfingu	 Haltu þig frá dekkjum	 Færðu vélina niður á slétta jörð	 Lokaðu hólfi á undirvagni
 Láttu pallinn síga.	 Pallur ofhlaðinn	 Haltu þig í hæfilegri fjarlægð	 Aðgangur einungis fyrir þjálfað starfsfólk með tilskildar heimildir	 Notaðu pappaspjald eða pappír til að leita eftir leka
 Rafgeymar notaðir sem mótvægi	 Skorðaðu hjólin	 Reykingar bannaðar.	 Jarðtengdur AC 3-vír eingöngu	 Skiptu um skemmda víra og leiðslur.


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Hjólahleðsla	 Leiðbeiningar fyrir lyftingu og festingar	 Lyftipunktur	 Tengistaður fyrir dragreipið	 Vindhraði
 Festu niður	 Slepptu hemlunum	 Virkja hemla	 Málþrýstingur fyrir loftlögn til pallsins	 Vinnsluspenna á afli til pallsins
 Hámarksburðargeta		 Innanhúss	 Utandyra	 Handafl
 Varalækkun				


Almennt öryggi



Almennt öryggi



Almennt öryggi



Öryggi manna

Fallvörn

Ekki er krafist persónulegs fallvarnarbúnaðar þegar þessi vél er notuð. Ef vinnusvæði eða reglur atvinnurekanda krefjast slíks búnaðar skal eftirfarandi eiga við:

Allur persónulegur fallvarnarbúnaður verður að fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum og verður skoðun og notkun að vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á raflosti

Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.



Hlýddu öllum viðeigandi staðbundnum reglum varðandi fjarlægð frá rafspennulínum. Lágmarksfjarlægð er sýnd í töflunni hér að neðan og þeim fyrirmælum verður að fylgja í það minnsta.

Spenna línu	Áskilin fjarlægð	
0 til 50 kV	10 fet	3,05 m
50 til 200 kV	15 fet	4,60 m
200 til 350 kV	20 fet	6,10 m
350 til 500 kV	25 fet	7,62 m
500 til 750 kV	35 fet	10,67 m
750 til 1.000 kV	45 fet	13,72 m

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflum og sigi á raflínum og varastu mikinn vind og vindhviður.



Haltu þig frá vélinni ef hún snertir raflínur með straumi á. Starfsfólk á jörðu niðri eða á pallinum má ekki snerta eða nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Ekki nota vélina í eldingaveðri eða stormi.


Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

⚠ Hætta á veltu

Farþegafjöldi, búnaður og efni mega ekki fara umfram hámarksburðargetu pallsins eða hámarksburðargetu framlengingarinnar á pallinum.

Hámarksburðargeta

		Framlengdur pallur		
Gerð	**Pallur dreginn inn**	**Eingöngu pallur**	**Eingöngu framlenging**	**Hámarksfjöldi farþega**
GS-1432m	500 pund 227 kg	250 pund 113 kg	250 pund 113 kg	Innanhúss - 2 Utandyra – 1
GS-1932m	500 pund 227 kg	250 pund 113 kg	250 pund 113 kg	Innanhúss - 2 Utandyra – 1
GS-1932m XH	500 pund 227 kg	250 pund 113 kg	250 pund 113 kg	Innanhúss - 2 Utandyra – 1



Þyngd val- og aukabúnaðar, svo sem plötuhaldara, mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að draga hana frá burðargetunni. Sjá merkingar á valbúnaði og aukabúnaði.

Ef aukabúnaður er notaður skal lesa, skilja og hlýða límmiðum, leiðbeiningum og handbókum aukabúnaðarins.

Öryggi á vinnusvæði



Ekki lyfta pallinum nema vélin sé á traustu, láréttu undirlagi.



Ekki treysta á hallaaðvörunina sem stöðuvísi. Hallaaðvörunin hljómar eingöngu á pallinum þegar vélin er í miklum halla.

Ef hallaaðvörunin hljómar:
Láttu pallinn síga. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð. Ef hallaaðvörunin hljómar á meðan pallurinn er uppi skaltu lækka hann afar gætilega.

Aktu ekki á yfir 0,5 mílur/klst./0,8 km/klst. með pallinn uppi.

Fylgja skal leiðbeiningum um leyfilegt afl handvirks átaks og fjölda farþega sem er að finna fyrir neðan.

Ekki hækka pallinn þegar hætta er á að vindhraði fari yfir 28 mílur/klst./12,5 m/s. Ef vindhraði fer yfir 28 mílur/klst./12,5 m/s þegar pallurinn er á lofti skal láta pallinn síga og hætta notkun vélarinnar.

Notkun utanhúss: Ekki nota vélina utandyra þegar hnappurinn fyrir innanhússnotkun er valinn.



Ekki nota vélina í sterkum vindi eða roki. Ekki auka yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er stækkað og það er berskjaldað fyrir vindi dregur það úr stöðugleika vélarinnar.



Gættu sérstakrar varúðar og dragðu úr hraða þegar vélin er keyrð í frágenginni stöðu yfir ójafnt undirlag, rusl, óstöðugt eða hált yfirborð og nærri holum og þverhnípi.

Ekki keyra vélina á eða nálægt ójöfnu landslagi, óstöðugu yfirborði eða við aðrar hættulegar aðstæður með pallinn hífðan.

Ekki nota vélina sem krana.

Ekki ýta vélinni eða öðrum hlutum með pallinum.

Ekki snerta aðliggjandi mannvirki með pallinum.

Ekki binda pallinn við aðliggjandi mannvirki.

Ekki setja byrðar utan jaðars pallsins.

Öryggi á vinnusvæði

Ekki nota vélina með hólfin á undirvagninum opin.



Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.

Gerð	Leyfilegt hámarkshandafl	Hámarksfjöldi farþega
GS-1432m	Innanhúss – 90 pund/400 N Utandyra – 45 pund/200 N	Innanhúss - 2 Utandyra – 1
GS-1932m	Innanhúss – 90 pund/400 N Utandyra – 45 pund/200 N	Innanhúss - 2 Utandyra – 1
GS-1932m XH	Innanhúss – 90 pund/400 N Utandyra – 45 pund/200 N	Innanhúss - 2 Utandyra – 1

Ekki breyta eða gera markrofana óvirka.

Ekki breyta eða afvirkja einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hafa áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika vélarinnar með hlutum sem hafa aðra þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki nota rafgeyma sem eru léttari en upprunalegu rafgeymarnir. Rafgeymar eru notaðir sem mótvægi og eru nauðsynlegir til að viðhalda stöðugleika vélarinnar. Hver rafgeymir á að vega minnst 61 pund/28 kg. Hleðslugrind, með rafgeymum, á að vega að lágmarki 108 pund/49 kg, G-CON-grind, með rafgeymum, á að vega minnst 105 pund/48 kg.

Ef um litíumrafgeymi er að ræða þarf rafgeymirinn að vega minnst 47 pund/21,5 kg. Rafgeymahólf með mótvægi og rafgeymi þarf að vega minnst 88 pund/40 kg.

Ekki breyta færanlega og hækkanlega vinnupallinum án fyrir fram fengins skriflegs leyfis frá framleiðandanum. Ef viðbætur til að halda verkfærum eða öðru efni eru festar á pallinn, fóthvílur eða handrið getur það aukið þyngd pallsins og yfirborð pallsins eða hleðslu hans.



Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.



Ekki setja tröppur eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki flytja verkfæri og efni nema þeim sé jafnt dreift og einstaklingur/-ar á pallinum geti meðhöndlað þau á öruggan hátt.

Ekki nota vélina á yfirborði eða ökutæki sem hreyfist eða er hreyfanlegt.

Gættu þess að öll dekk séu í góðu ástandi, að kastalarær séu tryggilega festar og klofsplitti séu rétt upp sett.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á að kremjast

Haltu höndum og fótum frá krossörmum.

Haltu höndum frá þegar handrið eru felld niður.

Ekki vinna undir pallinum eða við krossarmana án þess að öryggisarmurinn sé til staðar.

Notaðu heilbrigða skynsemi og skipulagningu þegar þú notar vélina með stjórntækin ofar jörðu. Viðhaltu öruggri fjarlægð milli stjórnanda, vélarinnar og fastra hluta.

⚠ Hætta við notkun í halla

Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi halla eða hliðarhalla. Málgildi halla á einungis við um vélar í frágenginni stöðu.

Gerð	Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða
GS-1432m	25% (14°)	25% (14°)
GS-1932m	25% (14°)	25% (14°)
GS-1932m XH	25% (14°)	25% (14°)

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla. Sjá Akstur í halla í kafla með notkunarleiðbeiningum.

⚠ Fallhætta

Handriðakerfið veitir fallvörn. Ef þess er krafist að starfsmenn á pallinum noti persónulegan fallvarnarbúnað vegna reglna vinnusvæðis eða atvinnurekanda skal fallvarnarbúnaðurinn og notkun hans vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda búnaðarins og viðeigandi kröfur hins opinbera. Notið samþykktan tengistað fyrir dragreipið.



Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins.



Ekki klifra niður úr pallinum þegar hann er á lofti.

Haltu gólfi pallsins lausu við rusl.

Lokaðu inngönguhliðinu fyrir notkun.


Ekki nota vélina nema handrið pallsins séu almennilega uppsett og inngangurinn sé festur fyrir notkun.

Ekki fara upp á eða af pallinum nema þegar vélin er í frágenginni stöðu.

Tekið hefur verið tillit til hættu sem tengist þeirri notkun vörunnar að fara úr henni í hæð við hönnun vélarinnar, hafðu samband við Genie til að fá frekari upplýsingar (sjá kaflann Samband haft við framleiðanda).

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Árekstrarhætta



Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð og blindsvæðum þegar ekið er eða unnið.

Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð þegar vélin er hreyfð.

Vélin verður að vera á jafnsléttu og hjól skorðuð eða fest áður en hemlar eru losaðir.

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.



Hugaðu að fyrirstöðum uppi yfir vinnusvæðinu eða annarri mögulegri hættu.



Gættu þín á hættunni á því að klemma þig þegar þú grípur um handrið pallsins.

Fylgdu og notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórntækjum pallsins og límmiðaplötunni á pallinum við aksturs- og stýringaraðgerðir.



Ekki láta pallinn síga nema svæðið undir honum sé laust við starfsfólk og fyrirstöður.



Takmarkaðu akstursrhaða í samræmi við ástand yfirborðs jarðar, þrengsli, halla, staðsetningu starfsfólks og alla aðra þætti sem kunna að valda árekstri.

Ekki nota vélina í slóð krana nema stjórntækjum kranans hafi verið læst og / eða gripið til varúðaraðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegan árekstur.

Engan áhættuakstur eða ærsl þegar vélin er notuð.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á líkamstjóni

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og / eða brennt húðina.

Röng snerting við íhluti undir hvaða hlíf sem er veldur alvarlegum meiðslum. Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf. Aðgangur stjórnanda er aðeins ráðlagður þegar skoðun fyrir notkun er framkvæmd. Öll hólf verða að vera lokuð og læst meðan á notkun stendur.

⚠ Sprengihætta og eldhætta

Ekki nota vélina eða hlaða rafgeyminn á hættulegum stöðum eða stöðum þar sem mögulega eru eldfimar lofttegundir eða efnisagnir.

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og þjónustuhandbók fyrir Genie.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að handbók stjórnanda sé heil, læsileg og í geymsluhólfi vélarinnar.

⚠ Hætta vegna skemmdra íhluta

Ekki nota neitt hleðslutæki stærra en 24 V til að hlaða rafgeymana.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Öryggi rafgeymis

Hætta á bruna



Rafgeymar innihalda sýru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífar þegar unnið er við rafgeyma.

Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Ekki hafa rafgeyma eða hleðslutæki berskjölduð gagnvart vatni eða rigningu.

Sprengihætta



Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeymum. Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas.

Rafgeymaskúffan má vera opin meðan á hleðslu stendur.



Ekki snerta rafgeymaskautin eða kapalklemmurnar með verkfærum sem gætu valdið neistum.



Hætta vegna skemmda á íhlutum

Ekki nota neitt hleðslutæki stærra en 24 V til að hlaða rafgeymana.

Hætta á raflosti / bruna



Tengdu hleðslutækið aðeins við jarðtengda 3-víra rafmagnsinnstungu.

Kannaðu daglega hvort skemmdir eru á snúrum, köplum og vírum. Endurnýjaðu skemmda hluti fyrir notkun.

Forðastu raflost vegna snertingar við rafgeymaskaut. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

Hætta á veltu

Ekki nota rafgeyma sem eru léttari en upprunalegu rafgeymarnir. Rafgeymar eru notaðir sem mótvægi og eru nauðsynlegir til að viðhalda stöðugleika vélarinnar. Hver rafgeymir á að vega minnst 61 pund/28 kg. Hleðslugrind, með rafgeymum, á að vega að lágmarki 108 pund/49 kg, G-CON-grind, með rafgeymum, á að vega minnst 105 pund/48 kg.

Ef um litíumrafgeymi er að ræða þarf rafgeymirinn að vega minnst 47 pund/21,5 kg. Rafgeymahólf með mótvægi og rafgeymi þarf að vega minnst 88 pund/40 kg.

Lyftihætta

Notaðu réttan fjölda fólks og rétta tækni við að lyfta rafgeymunum.

Öryggi á vinnusvæði

Frágangur eftir hverja notkun


1 Veldu örugga staðsetningu til að leggja vélinni – traustan, láréttan flöt, lausan við fyrirstöður og umferð.

2 Láttu pallinn síga.

3 Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að fyrirbyggja óheimila notkun.

4 Hladdu rafgeymana.


Skýringartexti



1 Inngönguhlið palls
2 Hliðarhandrið pallsins
3 Tengistaður fyrir dragreipið
4 Stjórntæki palls
5 Framlenging á pallinum
6 Geymsluílát handbókar
7 Fótrofi (ef til staðar)
8 Innstunga með lekaliða
9 Sleppifetill fyrir framlengingu pallsins
10 Loftlögn til pallsins (valbúnaðurl)
11 Áriðill (valbúnaður)
12 Öryggisarmur
13 Stýridekk
14 Hallaaðvörun
15 Stjórntæki á jörðu niðri
16 Upplýsingar á LCD-skjá
17 Holuhlíf
18 Blikkandi snúningsljós
19 Hemilslosunarrofi (vökvakerfishliðin) (rafdrifsaukabúnaður)
20 Flutningsbinding
21 Lyftaragöt
22 Uppgöngutrappa / flutningsfesting
23 Föst dekk
24 Varalækkunarhnappur
25 Rafhleðslutæki (á rafgeymishlið vélarinnar)

Stjórntæki

Stjórntækin á jörðu niðri skal nota til að hækka pallinn fyrir aðgerðapróf og geymslu. Hægt er að nota stjórntækin á jörðu niðri í neyðartilvikum til að bjarga óstarfhæfum einstaklingi á pallinum.



Stjórnborð á jörðu niðri

1 Tech Pro Link tengi

2 Lykilrofi fyrir valið pallur / af / jörð
Snúið lyklinum í pallstöðu til að virkja stjórntæki á palli. Snúið lyklinum í off stöðu til að slökkva á vélinni. Snúið lyklinum í jarðstöðu til að virkja stjórntæki á jörðu niðri.

3 7 A rofi fyrir rafrásir

4 Rauður neyðarstöðvunarhnappur
Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappnum í off stöðu til að stöðva vélina. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í stöðuna on til að nota vélina.

5 LCD-greiningarskjár

6 Hnappur til að fara inn í valmynd

7 Hnappur til að fara niður valmynd

8 Lækkunarhnappur pallsins


9 Lyftihnappur pallsins

10 Virknihnappur fyrir lyftingu
Ýttu á og haltu inni þessum hnappi til að virkja lyftu.

11 Hnappur til að fara efst í valmynd

12 Hnappur til að fara úr valmynd

Stjórntæki



Stjórnborð palls

1 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna til að nota vélina.

2 Lyftuaðgerðahnappur

Haltu þessum hnappi niðri til að virkja lyftuaðgerðir.



3 Flautuhnappur

Ýttu á flautuhnappinn og flautan hljómar. Slepptu flautuhnappinum og flautan hljómar ekki.



4 Valhnappur fyrir ökuhraða

Ýttu á þennan hnapp til að virkja lághraðavirkni. Gaumljósið logar þegar lághraðaakstur er valinn.



Stjórntæki

5 Hlutfallslegur stýripinni og rofi til að virkja aðgerðir til að aka, stýra og lyfta og fyrir stoðfætur

Lyftuaðgerð: Haltu niðri virkjunarrofanum til að virkja lyftuaðgerðir á stýripinna pallsins. Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin sýnir til að hækka pallinn. Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin sýnir til að lækka pallinn. Viðvörun um lækkun ætti að heyrast á meðan pallurinn lækkar.

Akstursaðgerðir: Haltu niðri virkjunarrofanum til að virkja akstursaðgerðir á stýripinna pallsins. Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin á stjórnborði pallsins sýnir til að færa vélina í þá átt. Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin á stjórnborði pallsins sýnir til að færa vélina í þá átt.

Stoðfótaraðgerð: Haltu niðri virkjunarrofanum til að virkja stoðfótaraðgerðir á stýripinna pallsins. Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin sýnir til að draga inn stoðfæturna. Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin sýnir til að færa út stoðfæturna.

6 Þumalrofi fyrir stýringaraðgerð

Ýttu vinstra megin á þumalveltirofann og þá beygir vélin í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborði pallsins bendir í.



Ýttu hægra megin á þumalveltirofann og þá beygir vélin í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborði pallsins bendir í.



7 LED-greiningarskjár/vísir sem sýnir hleðslu rafgeymis og vísir sem sýnir í hvaða ham vélin er.

8 Akstursaðgerðahnappur

Ýttu á þennan hnapp til að virkja akstursaðgerðir.



9 Hnappur fyrir notkun innanhúss

Ýttu á þennan hnapp fyrir notkun innanhúss



Ath.: Þegar innanhússnotkun er valin er hægt að hækka pallinn í hæstu leyfilegu hæð innanhúss. Sjá síður með tæknilýsingu.

Stjórntæki


10 Hnappur fyrir notkun utanhúss



Ýttu á þennan hnapp fyrir notkun utanhúss


Ath.: Þegar utanhússnotkun er valin er hægt að hækka pallinn í hæstu leyfilegu hæð utanhúss. Sjá síður með tæknilýsingu.

11 Gaumljós stoðfótar



Þegar stoðfætur dragast út blikka græn ljós. Þegar hver stoðfótur snertir jörðu loga græn ljós stöðugt. Í hvert sinn sem útdráttur stoðfótar er stöðvaður blikka græn ljós sem gefur til kynna að stoðfæturnir snerti ekki jörðina eða að stoðfæturnir séu ekki að fullu útdregnir. Þegar stoðfótur dregst inn loga græn ljós stöðugt. Þegar sérhver stoðfótur dregst inn að fullu slokknar á ljósunum. Rauð ljós loga sem gefur til kynna að viðkomandi stoðfótur sé við lok lyftu.

12 Stoðfótaraðgerðahnappur



Ýttu á þennan hnapp til að virkja stoðfótaraðgerðir.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti eða stjórnandaskipti. Skoðunin er hönnuð til að greina hvort eitthvað gæti verið að vélinni áður en notandinn gerir virkniprófanir á henni.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundna viðhaldsþætti sem tilgreindir eru í þessari handbók.

Skoðaðu listann á næstu síðu og merktu við hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknilýsingu framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Tæknimenn með tilskilin réttindi skulu sinna reglubundinni viðhaldsskoðun, eins og tilgreint er af framleiðanda.

Fylgdu öllum staðbundnum og opinberum reglum varðandi skoðanir og próf.

Skoðanir

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Vertu viss um að handbók stjórnanda sé heil, læsileg og í geymsluhólfi pallsins.
- ❑ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir. Sjá kafla um skoðanir.
- ❑ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu olíu á ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❑ Kannaðu hvort rafgeymavökvi leki og hvort hann sé nægur. Bættu eimuðu vatni við ef þarf. Sjá kafla um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❑ Rafmagnsíhlutir, leiðslur og rafmagnskaplar
- ❑ Glussaslöngur, festingar, tjakkar og greinar
- ❑ Drifmótorar
- ❑ Slitpúðar
- ❑ Dekk og felgur
- ❑ Takmarkarofar, viðvörunarbjöllur og flauta
- ❑ Viðvörunarljós og snúningsljós (ef fylgir)
- ❑ Rær, boltar og aðrar festingar
- ❑ Íhlutir handhemils
- ❑ Öryggisarmur
- ❑ Framlenging á pallinum
- ❑ Krossarmatengi og festingar
- ❑ Stýripinni pallastýringar
- ❑ Rafgeymir og tengi
- ❑ Jarðtengiól
- ❑ Inngönguhlið palls
- ❑ Holuhlífar
- ❑ Tengistaður fyrir dragreipið
- ❑ Yfirhleðsluíhlutir pallsins

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❑ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❑ Dælda eða skemmda á vél
- ❑ Of mikils ryðs, tæringar eða oxunar

- ❑ Vertu viss um að allar burðareiningar og annar nauðsynlegur búnaður sé til staðar og að allar festingar og pinnar séu á sínum stað og vel festar.
- ❑ Gættu þess að hliðarhandrið séu uppsett og boltar festir.
- ❑ Gættu þess að hólfin á undirvagninum séu lokuð og fest og rafgeymarnir rétt tengdir.

Ath.: Ef hækka þarf upp pallinn til að skoða vélina skaltu gæta þess að öryggisarmurinn sé til staðar. Sjá kaflann Notkunarleiðbeiningar.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði í virkniprófun

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófa aftur áður en vélin er tekin í notkun.

Skoðanir

Stjórntæki á jörðu niðri

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, slétt og laust við hættur.

2 Gættu þess að rafgeymarnir séu tengdir.

3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna.

4 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

Ef um litíumrafgeymi er að ræða: Ef hiti litíumrafgeymisins er fyrir neðan aðgerðamörk sem eru -4°F/-20°C þá þarf geymirinn tíma til að hitna; kallað upphitun rafgeymis. Skoðaðu „Upphitun rafgeymis“ í notkunarleiðbeiningum fyrir upplýsingar um upphitun rafgeymis.

5 Skoðaðu LED-aflesturinn sem birtist á stjórntækjum pallsins.

⊙ Niðurstaða: LED-skjárinn ætti að líta út eins og á myndinni hér fyrir neðan.



6 Skoðaðu upplýsingar á LCD-skjánum á stýringum á jörðu niðri.

⊙ Niðurstaða: LCD-skjárinn ætti að líta út eins og á myndinni hér fyrir neðan.



Prófun neyðarstöðvunar

7 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

8 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

Prófa upp/niður virkni

Viðvörunarhljóðmerki á vélinni og stöðluð flauta eru úr sama miðlæga viðvörunarkerfinu. Flautan er stöðugur tónn. Niðurferðarbjallan hljómar með 60 hljóðmerkjum á mínútu. Viðvörunarbjallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu þegar holuhlífarnar hafa ekki blásist út og þegar vélin er ekki slétt. Sjálfvirk flauta er líka til sem valbúnaður.

9 Ekki ýta á lyftuvirknihnappinn.

10 Ýttu á hnappinn pallur-upp eða pallur-niður.

⊙ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.

11 Ekki ýta á hnappana pallur-upp eða pallur-niður.

12 Ýttu á lyftuhnappinn.

⊙ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.

13 Ýttu og haltu inni lyftuhnappinum og ýttu á hnappinn pallur-upp.

⊙ Niðurstaða: Starfssvæði utanhúss ætti að vera valið og pallurinn ætti að hækka.

14 Ýttu og haltu inni lyftuhnappinum og ýttu á hnappinn pallur-niður.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Viðvörun um lækkun ætti að heyrast á meðan pallurinn lækkar.

Skoðanir

Prófa aðstoðarlækkun

15 Virkjaðu upp-virkni með því að ýta á lyftuvirknirofa og hnappinn pallur-upp og lyftu pallinum u.þ.b. 2 fet/60 cm.

16 Togaðu í varalækkunarhnappinn sem staðsettur er við endann á neðsta hlekknum.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Öryggisbjallan mun ekki hljóma.

Prófa hallaskynjarann

17 Ýttu á niðurhnapp á stjórntækjum á jörðu niðri (hnappur 3)



⊙ Niðurstaða: LCD-skjárinn á stjórntækjum á jörðu niðri sýnir stöðu hallaskynjarans.

18 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

Við stjórntæki pallsins

Prófun neyðarstöðvunar

19 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum í af-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

Prófaðu viðvörunina fyrir hallaskynjarann

20 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

21 Ýttu á flautuhnappinn.

⊙ Niðurstaða: Pallviðvörunin, undirvagnsviðvörunin og bílflautan (ef til staðar) ættu að gefa frá sér hljóð.

Prófa virkjunarrofann og upp/niður virkni

22 Ekki halda niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

23 Færðu akstursstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan akstursstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.

⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

24 Ýttu á lyftuaðgerðahnappinn.

25 Bíddu í sjö sekúndur eftir að stoðfótavirkjunin renni út.

26 Færðu akstursstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan akstursstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.

⊙ Niðurstaða: Lyftuaðgerðin ætti ekki að virka.

Skoðanir

27 Ýttu á lyftuaðgerðahnappinn.

28 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu stýripinnann hægt í áttina sem bláa örin sýnir.

Vélar með fótrofa: Haltu fótrofanum og virkjunarrofanum á stýripinnanum niðri samtímis.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hífast upp.Holuhlífarnar ættu að blásast út. Hnappurinn fyrir notkun utanhúss ætti að lýsa.

29 Slepptu stýripinnanum.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hætta að rísa.

30 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu stýripinnann hægt í áttina sem gula örin á stjórnborðinu sýnir.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Lækkunaraðvörunin (ef til staðar) ætti að hljóma á meðan pallurinn er látinn síga.

Prófaðu hnappinn fyrir notkun utanhúss

31 Ekki halda niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

32 Ýttu á hnappinn fyrir notkun utanhúss.

⊙ Niðurstaða: LED-ljósið undir utanhússhnappinum logar.

33 Ýttu á lyftuhnappinn.

34 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu stýripinnann hægt í áttina sem bláa örin sýnir.


⊙ **GS-1432m:** Niðurstaða: Pallurinn ætti að lyftast að hámarki 12 fet og 0 tommu/3,66 m og stöðvast. Hljóðmerki ætti að heyrast. LED-skjárinn á stjórntækjum á palli ætti að sýna OHL.

⊙ **GS-1932m:** Niðurstaða: Pallurinn ætti að lyftast að hámarki 15 fet og 0 tommur/4,57 m og stöðvast. Hljóðmerki ætti að heyrast. LED-skjárinn á stjórntækjum á palli ætti að sýna OHL.

⊙ **GS-1932m XH:** Niðurstaða: Pallurinn ætti að lyftast að hámarki 18 fet og 2 tommur/5,55 m og stöðvast. Hljóðmerki ætti að heyrast. LED-skjárinn á stjórntækjum á palli ætti að sýna OHL.

Prófa akstursaðgerðarhnapp

35 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn.



36 Bíddu í sjö sekúndur eftir að akstursvirkjunin renni út.Færðu aksturstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan aksturstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.


⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

Skoðanir

Prófa stýringuna

Ath.: Þegar þú gerir virknipróf fyrir stýringu og akstur skaltu standa á pallinum gegnt stýrisenda vélarinnar.

37 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn.



38 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

39 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á aksturstýrihandfanginu í þá átt sem blái þríhyrningurinn í stjórnborðinu bendir í.


⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að snúa í áttina sem blái þríhyrningurinn bendir í.

40 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á stýrishandfanginu í þá átt sem blái þríhyrningurinn í stjórnborðinu bendir í.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að snúa í áttina sem guli þríhyrningurinn bendir í.

Prófa akstur og hemlun

41 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn.



42 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

Vélar með fótrofa: Haltu fótrofanum og virkjunarrofanum á stýripinnanum niðri samtímis.

43 Færðu stýripinnann hægt í áttina sem bláa örin á stjórnborðinu vísar í þar til vélin fer að hreyfast og færðu þá pinnann aftur í miðjustöðu.

⊙ Niðurstaða: Vélin á að færast í þá átt sem bláa örin á stjórnborðinu vísar, síðan stöðvast snögglega þegar stjórnhandfanginu er snúið aftur í miðlæga stöðu.

44 Færðu stýripinnann hægt í áttina sem gula örin á stjórnborðinu vísar í þar til vélin fer að hreyfast og færðu þá pinnann aftur í miðjustöðu.

⊙ Niðurstaða: Vélin á að færast í þá átt sem gula örin á stjórnborðinu vísar, síðan stöðvast snögglega þegar stjórnhandfanginu er snúið aftur í miðlæga stöðu.

Ath.: Hemlarnir verða að geta haldið vélinni í öllum halla sem hún getur ekið upp.

Skoðanir

Prófanir í halla

Ath.: Framkvæmdu þetta próf frá jörðu með stýringu pallsins. Ekki standa á pallinum.


45 Láttu pallinn síga alveg niður.

46 Aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 1,5° til hliða.

47 Lyftu pallinum í u.þ.b. 9 feta/2,74 m hæð frá jörðu.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn á að stöðvast og hallaviðvörunarbjallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu. LED-skjárinn á stjórntækjum á palli ætti að sýna LL og LCD-skjáinn á stjórntækjum á jörðu niðri ætti að sýna LL: Machine Tilted (Vélin hallar).

48 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn.



49 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

50 Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin sýnir og færðu svo stýripinnann í áttina sem gula örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Ökuvirkni ætti að virka í hvoruga átt.

51 Láttu pallinn síga alveg niður.

52 Keyrðu vélina.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að aka.

53 Farðu aftur á jafnsléttu og lyftu pallinum hærra en í u.þ.b. 9 feta/2,74 m hæð frá jörðu.

54 Aktu vélinni í brekku þar sem hallinn er meiri en 1,5° til hliða.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að nema staðar þegar hallinn nær 1,5° og hallaviðvörunarbjallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu. LED-skjárinn á stjórntækjum á palli ætti að sýna LL og LCD-skjárinn á stjórntækjum á jörðu niðri að sýna LL: Machine Tilted (Vélin hallar).

55 Farðu aftur á jafnsléttu og láttu pallinn síga alveg niður.

56 Aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 3° fram og aftur.

57 Lyftu pallinum í u.þ.b. 9 feta/2,74 m hæð frá jörðu.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn á að stöðvast og hallaviðvörunarbjallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu. LED-skjárinn á stjórntækjum á palli ætti að sýna LL og LCD-skjárinn á stjórntækjum á jörðu niðri að sýna LL: Machine Tilted (Vélin hallar).

58 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn.

59 Ýttu og haltu inni rofanum fyrir akstur/stýringu á stjórnhandfanginu.

60 Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin sýnir og færðu svo stýripinnann í áttina sem gula örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Ökuvirkni ætti að virka í hvoruga átt.

61 Láttu pallinn síga alveg niður.

62 Keyrðu vélina.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að aka.

63 Farðu aftur á jafnsléttu og lyftu pallinum hærra en í u.þ.b. 9 feta/2,74 m hæð frá jörðu.

64 Aktu vélinni í brekku þar sem hallinn er meiri en 3° fram og aftur(frá framhlið til afturhliðar).


⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að nema staðar þegar hallinn nær 3° og hallaviðvörunarbjallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu. LED-skjárinn á stjórntækjum á palli ætti að sýna LL og LCD-skjárinn á stjórntækjum á jörðu niðri að sýna LL: Machine Tilted (Vélin hallar).

65 Láttu pallinn síga alveg niður og farðu aftur á jafnsléttu.

Prófa aukinn ökuhraða

66 Lyftu pallinum í u.þ.b. 9,1 feta/2,78 m hæð frá jörðu.

67 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn.



68 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum. Færðu akstursstýrihandfangið hægt í fulla akstursstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hámarksakstursshraði sem hægt er að ná með pallinn uppi ætti ekki að fara yfir 0,72 fet/22 cm á sekúndu.

Ef akstursshraði með pallinn uppi fer yfir 0,72 fet/22 cm á sekúndu skal umsvifalaust merkja vélina og taka hana úr notkun.

Prófa holuhlífar

Ath.: Holuhlífar eiga að blásast sjálfkrafa út þegar pallurinn lyftist. Holuhlífarnar virkja takmarkarofana sem gera vélinni kleift að ganga áfram. Ef holuhlífarnar blásast ekki út hljómar viðvörunarbjalla og vélin ekur hvorki né stýrir.

69 Lyftu pallinum.

⊙ Niðurstaða: Þegar pallinum er lyft upp í 4 feta/1,2 m hæð frá jörðu ættu holuhlífarnar að blása út.

70 Ýttu á holuhlífarnar á annarri hliðinni og síðan á hinni.

⊙ Niðurstaða: Holuhlífarnar ættu ekki að hreyfast.

71 Láttu pallinn síga.


⊙ Niðurstaða: Holuhlífar ættu að fara aftur í frágengna stöðu.

72 Settu viðarbita undir holuhlífina.

73 Lyftu pallinum.

⊙ Niðurstaða: Áður en pallinum er lyft upp í 7 feta/2,1 m hæð frá jörðu ætti viðvörunarbjalla að hljóma. LED-skjárinn á stjórntækjum á palli ætti að sýna PHS og LCD-skjárinn á stjórntækjum á jörðu niðri að sýna PHS: Pothole Guard Stuck (Holuhlíf föst).

74 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn.




Skoðanir

75 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

76 Færðu akstursstýrihandfangið í áttina sem bláa örin vísar í, færðu síðan akstursstýrihandfangið í þá átt sem gula örin vísar í.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti ekki að færast fram eða aftur.

77 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. 

78 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

79 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á akstursstýrihandfanginu í þá átt sem blái og guli þríhyrningurinn í stjórnborðinu benda í.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu ekki að snúa til vinstri eða hægri.

80 Láttu pallinn síga alveg niður.

81 Fjarlægðu viðarbútinn.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu skoðun á vinnustað áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði við skoðun á vinnusvæði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að gera slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Gátlisti fyrir skoðun á vinnusvæði

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- ❑ þverhnípi eða holur
- ❑ ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- ❑ hallandi yfirborð
- ❑ óstöðugt eða hált yfirborð
- ❑ fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- ❑ hættulegar staðsetningar
- ❑ ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- ❑ vind og veðuraðstæður
- ❑ návist starfsfólks í leyfisleysi
- ❑ aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Skoðanir

Skoðun límmiða með táknum


Kannaðu hvort merkingar á vélinni beri orð eða tákn. Framkvæmdu viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
43618	Merkimiði – Bendiörvar	1
52475	Merking – Flutningsfesting	5
72086	Merkimiði – Lyftipunktur	4
72143	Merkimiði – Neyðarstöðvun	1
82481	Merkimiði – Öryggi rafgeymis/hleðslutækis	2
1272242	Merkimiði – Vélarskráning	1
1281174	Merkimiði – Lanyard-festipunktur, fallvörn	5
1292052	Merkimiði – Leiðbeiningar um neyðarlækkun GS-1330m	1
1292990	Merkimiði – Losa hemla	1
1294682	Merkimiði – Stjórntæki á jörðu niðri, GS-1330m	1
1296034	Merkimiði – Smartlink Dual Zone	2
1298467	Merkimiði – Lestu handbókina*	5
1304177	Merkimiði – Burður hjóla GS-1932m*	4
1304179	Merkimiði – Skýringarmynd fyrir flutning, GS-1932m*	2
1304180	Merkimiði – Veltihætta, rafgeymar, GS-1932m*	2
1305409	Merkimiði – Aðgangur að hólfi, tákn	3
1305411	Merkimiði – Hætta, öryggisarmur, tákn	1
1305412	Merkimiði – Öryggisarmur, tákn	1
1305413	Merkimiði – Varúð, hætta á raflosti	1
1305414	Merkimiði – Lestu handbókina	2
1305415	Merkimiði – Hleðslustaða	1
1305416	Merkimiði – Rafmagn til palls, 115 V*	2
1305417	Merkimiði – Rafmagn til palls, 230 V*	2
1305418	Merkimiði – Straumur til hleðslutækis, 115 UK*	1
1305419	Merkimiði – Rafmagn til hleðslutækis, 230 V EU*	1
1305420	Merkimiði – Loftlína 7,58 bar*	2
1305421	Merkimiði – Veltihætta, hallaaðvörun	1
1305424	Merkimiði – Bendiörvar*	1
1305425	Merkimiði – Hætta á raflosti, tappi	1
1305426	Merkimiði – Öryggishemill og notkunarleiðbeiningar	1
1306781	Merkimiði – Skýringarmynd fyrir opnun glussabakka	1
1306901	Merkimiði – Veltihætta, takmarkarofi	1
1306951	Merkimiði – Hætta á raflosti, hætta, varúð	1
1307117	Merkimiði – Burður hjóla GS-1432m*	4
1308334	Merkimiði – Burður hjóla, GS-1932m XH*	4
1316062	Merkimiði – Hætta á veltu, litíumrafgeymir	1
1325584	Merkimiði – Stjórnborð palls (án stoðfóta)	1
1325611	Merkimiði – E-Stop Kunpeng stjórnborð palls	1
1329658	Merkimiði – Aksturs/stýringarátt, pall stýring Control	1
1338333	Merki – Samsetning tveggja límmiða	1

■ Skygging gefur til kynna að límmiði sjáist ekki, sé t.d. undir hlífum.

* Þessir límmiðar eiga við um ákveðnar gerðir, valkosti eða stillingar.

Skoðanir


1325611
1329658
1296034
1325584
1281174
1305421
1338333
1306951
1305424
1298467
*1298467
1305414
1281174
*1305416
*1305417
1281174
43618
1281174
*1305420
1296034
1294682
72143
1305413
1306901
1292052
1306781
1304179
72086
1305425
1305415
*1305418
*1305419
52475
1305409
1272242
*1305416
*1305417
*1305420
1305426
52475
1292990
72086
*1304177
*1307117
*1308334
52475
82481
1305414
1305409
*1304177
*1307117
*1308334
1304180
72086
1304179
52475
*1304177
*1307117
*1308334
*1304180
*1316062
1305409
*1298467
1305412
1305411
72086
52475
*1304177
*1307117
*1308334
82481

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Hlutinn með notkunarleiðbeiningum veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkun vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í handbók stjórnanda.

Að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, upp í vinnusvæði sitt er óöruggt og hættulegt.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef gert er ráð fyrir að fleiri en einn einstaklingur noti vélina á mismunandi tíma á sömu vakt, verða þeir allir að hafa réttindi til að nota vélina og þeir skulu allir fylgja öryggisreglum og leiðbeiningum í handbók stjórnanda. Það þýðir að allir nýir notendur skulu skoða vélina fyrir notkun, gera á henni virkniprófun og skoða vinnusvæðið áður en þeir nota vélina.

Notkunarleiðbeiningar

Neyðarstöðvun

Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í afstöðuna á stjórntækjum á jörðu niðri og palli til að stöðva allar aðgerðir vélarinnar.

Gerðu við allar aðgerðir sem virka þegar rauða neyðarstöðvunarhnappinum er ýtt inn.

Varalækkun

1 Togaðu í varalækkunarhnappinn til að láta pallinn síga.

Notkun frá jörðu

1 Vertu viss um að rafhlöðupakkinn sé tengdur áður en vélin er notuð.

2 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

3 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í á-stöðuna.

Til að staðsetja pall

1 Ýttu á færsluhnappinn á stjórntækjunum til að skipta á milli starfssvæðis innanhúss og utanhúss.

2 Ýttu á og haltu inni lyftuhnappinum.

Athugið: Ef aðgerð sem virkjar stýringu (þ.e. hnappur eða fótrofi) er virkjuð og virknistýring er ekki virkjuð eftir forákvarðaða tímalengd, mun aðgerðin sem virkjar stýringu afvirkjast. Stjórnandinn ætti því að sleppa aðgerð sem virkjar stýringu og reyna aftur.

3 Ýttu á upphnapp eða niðurhnapp palls.

Notkun frá palli


1 Vertu viss um að rafhlöðupakkinn sé tengdur áður en vélin er notuð.

2 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

3 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í á-stöðuna.

Til að staðsetja pall

1 Ýttu á hnappinn fyrir notkun innanhúss eða utanhúss.



Ath.: Ef ekkert starfssvæði er valið verður starfssvæði utanhúss sjálfkrafa valið.

2 Ýttu á lyftuaðgerðahnappinn. Það birtist hringur fyrir neðan lyftuaðgerðamerkið á LED-skjánum.



Sé stýripinninn ekki hreyfður innan sjö sekúndna frá því að ýtt er á lyftuaðgerðahnappinn slokknar á hringnum fyrir neðan lyftuaðgerðamerkið og lyftuaðgerðin verður óvirk. Ýttu aftur á hnapp til að virkja lyftuaðgerðir.

3 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

Athugið: Ef aðgerð sem virkjar stýringu (þ.e. hnappur eða fótrofi) er virkjuð og virknistýring er ekki virkjuð eftir forákvarðaða tímalengd, mun aðgerðin sem virkjar stýringu afvirkjast. Stjórnandinn ætti því að sleppa aðgerð sem virkjar stýringu og reyna aftur.

4 Vélar með fótrofa: Haltu fótrofanum og virkjunarrofanum á stýripinnanum niðri samtímis.

5 Færið stýripinnann í áttina sem merkingarnar á stjórnborði pallsins vísa í.

Notkunarleiðbeiningar

Til að stýra

1 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. Það birtist hringur fyrir neðan akstursaðgerðamerkið á LED-skjánum.

Sé stýripinninn ekki hreyfður innan sjö sekúndna frá því að ýtt er á akstursaðgerðahnappinn slokknar á hringnum fyrir neðan akstursaðgerðamerkið og akstursaðgerðin verður óvirk. Ýttu aftur á akstursaðgerðahnappinn.

2 Ýttu á fótrofann og haltu honum inni (ef til staðar).

3 Snúðu stýrishjólunum með þumalveltirofanum sem staðsettur er ofan á aksturssstýrihandfanginu.



Til að aka

1 Ýttu á akstursaðgerðarhnappinn. Það birtist hringur fyrir neðan akstursaðgerðamerkið á LED-skjánum.

Sé stýripinninn ekki hreyfður innan sjö sekúndna frá því að ýtt er á akstursaðgerðahnappinn slokknar á hringnum fyrir neðan akstursaðgerðamerkið og akstursaðgerðin verður óvirk. Ýttu aftur á akstursaðgerðahnappinn.

2 Vélar með fótrofa: Haltu fótrofanum og virkjunarrofanum á stýripinnanum niðri samtímis.

3 Auka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

Minnka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt að miðjunni.

Stöðva: Færðu aksturssstýrihandfangið í miðjuna eða slepptu fótrofanum.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Ferðahraði vélarinnar er takmarkaður þegar pallinum er lyft.

Ástand rafgeymis hefur áhrif á afköst vélar. Vélarhraði og virknihraði falla þegar gaumljós um lága hleðslu á rafgeymi blikkar.

Notkunarleiðbeiningar

Til að velja akstursshraða

Ökustýringar geta virkað í tveimur hraðastillingum. Þegar akstursshraðaljósið er kveikt er hægur akstur virkur. Þegar ljósið er slökkt er hraðakstur virkur.

Ýttu á akstursshraðahnappinn til að velja akstursshraða.



Ath.: Þegar pallinum er lyft er ljósið á ökuhraðahnappinum alltaf kveikt og sýnir ökuhraða við lyftingu.

⚠ Akstur í halla

Ákvarðaðu málgildi halla upp í móti, niður í móti og hliðarhalla fyrir vélina og ákvarðaðu halla brekkunnar.

Hámarkshalli í brekku, frágengin staða:



GS-1432m, GS-1932m, GS-1932m XH	25%	14°

Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða:



GS-1432m, GS-1932m, GS-1932m XH	25%	14°

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.

Til að ákvarða halla brekku:

Mældu hallann með stafrænum hallamæli EÐA notaðu eftirfarandi aðferð.

Það sem þarf til:

- hallamál
- bein spýta, a.m.k. 1 m löng
- málband


Leggðu spýtuna í hallann.

Leggðu hallamálið ofan á neðri brún spýtunnar og lyftu endanum þar til spýtan er lárétt.

Mælið vegalengdina frá neðri brún viðarbútsins til jarðar um leið og honum er haldið láréttum.

Deildu fjarlægðinni (hæð) með lengd viðarbútsins og margfaldaðu með 100.

Dæmi:



Viðarbútur = 144 tommur (3,6 m)

Lengd =144 tommur (3,6 m)

Hæð = 12 tommur (0,3 m)

12 tommur ÷ 144 tommum = 0,083 x 100 = 8,3% halli
0,3 m ÷ 3,6 m = 0,083 x 100 = 8,3% halli

Ef hallinn er umfram hámarks tilgreindan halla og hliðarhalla verður að draga eða flytja vélina upp eða niður hallann. Sjá kafla um flutning og lyftingu.


Notkunarleiðbeiningar

Virknikóðar

Ef LED greiningarskjár stjórntækja á palli eða LCD greiningarskjár stjórntækja á jörðu niðri birtir virknitengdan kóða á borð við LL, verður að bæta úr ástandi sem veldur kóðanum áður en haldið er áfram að nota vélina. Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappnum inn og út til að endurstilla kerfið.



Upplýsingar á LED-skjá



Upplýsingar á LCD-skjá

Virknikóðar	
Kóði	**Ástand**
LL	Slökkt
OL	Pallur ofhlaðinn
CH	Virkni undirvagns
PHS	Holuvörn föst
ND	Ekkert drif (valbúnaður)
BR	Hemlar losaðir
Ld	Lyfting óvirk
OHL	Takmörkun hæðar utanhúss

Frekari upplýsingar er að fá í viðeigandi þjónustuhandbók Genie. Einnig er hægt að sjá kóða og lýsingu á kóða á LCD skjá við stjórntæki á jörðu.

Pallur ofhlaðinn

Ef LED greiningarskjár á stjórntækjum palls sýnir blikkandi OL og LCD greiningarskjár á stjórntækjum á jörðu niðri sýnir OL: Platform Overloaded (Pallur ofhlaðinn), er pallurinn ofhlaðinn og engar aðgerðir virka. Viðvörunarhljóð heyrist.

1 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna.

2 Minnkaðu þyngdina á pallinum.

3 Togaðu rauða neyðarstöðvunarhnappinn út í á-stöðu.



Upplýsingar á LED-skjá



Upplýsingar á LCD-skjá

Þegar pallurinn er hækkaður eða lækkaður fer fram sjálfvirk könnun nálægt hámarkshæð. Vélin kann að stöðvast og viðvörunarhljóð að heyrast. Ef vélin er ekki ofhlaðin heldur venjuleg notkun áfram.

Ofhleðsluviðréttting (ef til staðar)

Ef LCD-greiningarskjár á jörðu niðri sýnir Overload Recovery (ofhleðsluviðréttingu) var varalækkunarkerfið notað á meðan pallurinn var ofhlaðinn. Frekari upplýsingar um hvernig skal endurstilla skilaboðin má finna í viðeigandi þjónustuhandbók Genie.

Notkunarleiðbeiningar

Virkjunarstillingar hallaskynjara

Virkjunarstillingar hallaskynjara	
Halli undirvagns (til hliða)	1,5°
Halli undirvagns (fram og aftur)	3°



Ef hallaviðvörun hljómar á meðan pallurinn er hækkaður skal lækka pallinn og færa vélina á trausta jafnsléttu. Ef hallaviðvörun hljómar þegar pallurinn er uppi skal gæta mikillar varúðar þegar hann er lækkaður.



Þegar LED-skjárinn á stjórntækjum á palli sýnir LL sýnir LCD-skjárinn á stjórntækjum á jörðu niðri LL: Machine Tilted (Vélin hallar), og hallaviðvörunin hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu hefur það áhrif á eftirfarandi eiginleika: slökkt er á aksturs-, stýri- og lyftiaðgerðum.

Færðu vélina á jafnsléttu til að kveikja aftur á lyftuaðgerðum.

Notkun með stýringu frá jörðu

Viðhaltu öruggri fjarlægð milli stjórnanda, vélarinnar og fastra hluta.

Vertu meðvitaður/meðvituð um í hvaða átt vélin fer þegar stýringin er notuð.

Vísir sem sýnir stöðu rafgeymis

Notaðu upplýsingarnar á LED-skjánum til að ákvarða hleðsluna á rafgeyminum.

Ath.: Þegar blikkandi LO kóði birtist á LED greiningarskjá stjórntækja á palli verður að taka vélina úr notkun og hlaða hana, því annars hætta allar aðgerðir hennar að virka.



Full hleðsla



Hálf hleðsla



Lítil hleðsla



LO blikkar

Notkunarleiðbeiningar

Upphitun rafgeymis

Ef hiti litíumrafgeymisins er fyrir neðan aðgerðamörk sem eru -4°F/-20°C þá þarf geymirinn tíma til að hitna; kallað upphitun rafgeymis.

- ❑ Upphitun rafgeymis krefst þess að kveikt sé á vélinni (neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðu).
- ❑ HEAt-merkið birtist á LED-skjá á stjórntækjum palls í 8 sekúndur.
- ❑ Eftir 8 sekúndur sýnir LED-skjárinn þann tíma sem eftir er af hitunarferlinu. Sýnt verður „mínútur.sekúndur“.
- ❑ Skjárinn skiptir á milli HEAt-skilaboðanna og þess tíma sem eftir er af hitunarferlinu.
- ❑ Þegar hitunarferlinu er lokið hljómar viðvörunarmerki og vélin skiptir sjálfvirkt yfir í „Kerfi tilbúið“.

Hvernig nota á öryggisarminn

1 Lyftu pallinum í u.þ.b. 8 feta/2,4 m til 13 feta/4,0 m hæð frá jörðu.

2 Snúðu öryggisarminum upp frá undirvagningum og láttu hvíla á stuðningnum.

3 Lækkaðu pallinn þar til öryggisarmurinn hvílir tryggilega á hlekknum. Haltu þig í öruggri fjarlægð frá öryggisarminum þegar þú lækkar pallinn.

Hvernig fella á saman inngönguhlið

Handriðin á pallinum samanstanda af þremur samanfellanlegum handriðahlutum fyrir framlengingarborðið og þremur fyrir aðalborðið. Öllum handriðum er haldið saman með fjórum vírláspinnum.

1 Lækkaðu pallinn alveg niður og dragðu inn framlenginguna á pallinum.

2 Fjarlægðu pallstýringarnar.

3 Innan frá pallinum skaltu fjarlægja tvo vírláspinnana að framan.

4 Felldu saman öll framhandriðin. Haltu höndum frá klemmistöðum.

5 Skiptu um pinnana tvo sem hafa verið fjarlægðir baka til á hvorri hlið handriðsins.

6 Felldu saman hvorn hliðarhandriðahluta fyrir sig. Haltu höndum frá klemmistöðum.

7 Aftan á aðalborðinu skaltu fjarlægja vírláspinnana tvo.

8 Opnaðu hliðið varlega og færðu niður að jörðu.

9 Felldu saman afturhliðið og inngönguhliðarhandriðin í eina einingu. Haltu höndum frá klemmistöðum.

10 Felldu saman vinstri og hægri hliðarhandrið. Haltu höndum frá klemmistöðum.

11 Skiptu um pinnana tvo sem hafa verið fjarlægðir baka til á hvorri hlið handriðsins.


Hvernig hífa á upp handrið

Fylgdu leiðbeiningum um niðurfellingu en í öfugri röð og gættu þess að allir láspinnar séu á sínum stað og rétt uppsettir.

Notkunarleiðbeiningar

Leiðbeiningar fyrir röragrind fyrir lyftuverkfæri

Ein röragrind fyrir lyftuverkfæri er á hvorri hlið pallsins, fest við handrið með u-boltum.



1 ól
2 bolti, 3/8-16 x 2"
3 töflugrind
4 kantur
5 lok
6 öryggisró, 3/8-16
7 ólarkrappi
8 bolti, 1/4-20 x 3,25"
9 öryggisró, 1/4-20
10 pinnakrappi
11 sleðabolti, 3/8-16 x 2,25"
12 bilskífa
13 fótfesting
14 gúmmístuðari
15 stór röragrind

Athugaðu og fylgdu:

- ☑ Festa verður röragrind fyrir lyftuverkfæri innan í pallinum.
- ☑ Ekki má nota röragrind fyrir lyftuverkfæri með nokkrum öðrum aukabúnaði, fyrir utan áhaldabakka fyrir lyftuverkfæri og Lift Guard snertiviðvörun.
- ☑ Röragrindur fyrir lyftuverkfæri mega ekki hindra aðgang að stjórntækjum pallsins eða inngangi í pallinn.
- ☑ Röragrind fyrir lyftuverkfæri má aðeins nota innandyra.
- ☑ Aðeins einn einstaklingur má vera á pallinum þegar röragrind fyrir lyftuverkfæri er í notkun.
- ☑ Neðsta fótfesting rörs röragrindar fyrir lyftuverkfæri verður að hvíla á gangbretti pallsins.
- ☑ Vertu viss um að röragrindur fyrir lyftuverkfæri séu festar tryggilega á pallinn.

Uppsetning röragrinda fyrir lyftuverkfæri

1 Rennið festikröppunum fyrir handriðin þar til gúmmístuðarinn lendir á handriðunum.
2 Herðið boltana á fótfestikrappanum.
3 Herðið boltana á handriðsfestikrappanum.

Notkunarleiðbeiningar

Notkun röragrinda fyrir lyftuverkfæri

1 Staðsettu farminn þannig að hann hvíli á báðum röragrindum fyrir lyftuverkfæri. Lengd farmsins skal vera samhliða lengd pallsins og staðsett mitt á milli röragrindanna fyrir lyftuverkfæri.

2 Festu farminn við hvora röragrind fyrir lyftuverkfæri. Leggðu nælonólina yfir farminn. Ýttu á sylgjuna og renndu ólinni í gegn. Hertu ólina.

3 Ýttu og togaðu gætilega í farminn til að ganga úr skugga um að röragrindur fyrir lyftuverkfæri og farmur séu fest tryggilega.

4 Farmurinn skal vera fastur þegar vélin er á ferð.

Röragrindur fyrir lyftuverkfæri vega u.þ.b. 25 pund/11,4 kg.

Hámarksburðargeta röragrinda fyrir lyftuverkfæri	
GS-1432m, GS-1932m, GS-1932m XH	215 pund 97,5 kg

⚠ Veltihætta. Þyngd röragrindanna fyrir lyftuverkfæri og þyngd farms sem þær bera mun minnka burðargetu palls vélarinnar og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall.

⚠ Veltihætta. Þyngd röragrindanna fyrir lyftuverkfæri og þyngd farms sem þær bera kann að takmarka þann fjölda starfsmanna sem pallurinn getur borið.

Hámarksburðargeta stórra röragrinda 6” hámarksþvermál. Sjá töflu yfir burðargetu.


Notið ekki nema hafa hlotið nægilega þjálfun og að öll hætta sem tengist því að lyfta rörum sé ljós.

Ekki valda láréttum krafti eða hliðarálagi á vélina með því að lyfta föstum eða yfirhangandi farmi eða láta hann síga.

Ekki flytja einninguna með röragrindur fyrir lyftuverkfæri uppsettar. Fjarlægðu alla samsetninguna áður en einingin er flutt.

Leiðbeiningar fyrir töflugrind

Töflugrind fyrir lyftuverkfæri samanstendur af grindarsamsetningu og ólarsamsetningu.



1 grind

2 sleðabolti, 1/4-20 x 0,75"

3 öryggisró, 1/4-20

4 bolti, 3/8-16 x 2,25"

5 ól

6 bolti, 1/4-20 x 0,75"

7 öryggisró, 3/8-16

8 akkeri, ól

9 límmiði, viðvörun

Notkunarleiðbeiningar

Athugaðu og fylgdu:

- ☑ Festa verður töflugrind fyrir lyftuverkfæri á vinstri hlið pallsins.
- ☑ Ekki má nota töflugrind fyrir lyftuverkfæri með nokkrum öðrum aukabúnaði, fyrir utan áhaldabakka fyrir lyftuverkfæri.
- ☑ Töflugrindur fyrir lyftuverkfæri mega ekki hindra aðgang að stjórntækjum pallsins eða inngangi í pallinn.
- ☑ Töflugrind fyrir lyftuverkfæri má aðeins nota innandyra.
- ☑ Aðeins einn einstaklingur má vera á pallinum þegar töflugrind fyrir lyftuverkfæri er í notkun.
- ☑ Vertu viss um að töflugrind fyrir lyftuverkfæri sé fest tryggilega á pallinn.
- ☑ Gættu þess að pallurinn sé láréttur áður en töflugrind er sett upp.

Uppsetning töflugrindar

1 Hengdu grindina (1) á kragann neðst á pallinum, vinstra megin.

2 Festu grindina með tveimur 1/4" sleðaboltum (2) og lásróm (3).

3 Festu festiskífu (8) við festingu á framhandriði. 3/8" bolti (4) og ró (7) fylgja með.

4 Festu ól (5) við festiskífu.

Uppsetning ólar fyrir töflugrind

1 Opnaðu klemmuna og festu hana við festiflipann með 1/4" x 0,75" bolta (6).

2 Settu endaplötu ólarinnar á boltann.

3 Færðu boltann í gegnum hina hlið klemmunnar.

Notkun töflugrindar

1 Staðsettu farminn þannig að hann hvíli á miðri töflugrindinni fyrir lyftuverkfæri.

2 Festu farminn við pallinn með ólinni með því að setja hana utan um farminn að framan og festa S-krókinn við efra handriðið aftan á pallinum.

3 Ýttu og togaðu gætilega í farminn til að ganga úr skugga um að töflugrindin og farmur séu fest tryggilega.

4 Farmurinn skal vera fastur þegar vélin er á ferð.

Töflugrind fyrir lyftuverkfæri vegur um 22 pund/10 kg.

Listi yfir burðargetu töflugrindar fyrir lyftuverkfæri

GS-1432m, GS-1932m, GS-1932m XH	100 pund 45,4 kg

⚠ Veltihætta. Þyngd töflugrindar fyrir lyftuverkfæri og þyngd farms sem hún ber mun minnka burðargetu palls vélarinnar og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall.

⚠ Veltihætta. Þyngd töflugrindar fyrir lyftuverkfæri og þyngd farms sem hún ber kann að takmarka þann fjölda starfsmanna sem pallurinn getur borið.

⚠ Hámarksstærð töflu: 4 fet á hæð og 8 fet á lengd. Sjá töflu yfir burðargetu.

Notaðu ekki nema hafa hlotið nægilega þjálfun og að öll hætta sem tengist því að lyfta töflum sé ljós.


Ekki valda láréttum krafti eða hliðarálagi á vélina með því að lyfta fastri eða yfirhangandi byrði eða láta hana síga.

Ekki flytja einingunа með töflugrind fyrir lyftuverkfæri uppsetta. Fjarlægðu alla samsetninguna áður en einingin er flutt.

Notkunarleiðbeiningar

Leiðbeiningar fyrir áhaldabakka fyrir lyftuverkfæri

Áhaldabakki fyrir lyftuverkfæri samanstendur af einni skúffu og tveimur festikröppum með járnvöru.



1 bolti, 1/4-20 x 0,75"

2 gúmmístuðari

3 áhaldabakki fyrir lyftuverkfæri

4 krappi fyrir áhaldabakka

5 límmiði, viðvörun

Athugaðu og fylgdu: Uppsetning áhaldabakka fyrir lyftuverkfæri

☑ Setja verður upp áhaldabakka fyrir lyftuverkfæri innan í pallinum.

☑ Aðeins má nota einn áhaldabakka fyrir lyftuverkfæri á hverjum palli.

☑ Festu áhaldabakka fyrir lyftuverkfæri á handrið framlengingarpalls á gagnstæðri hlið PCON.

☑ Áhaldabakki fyrir lyftuverkfæri getur verið hvort sem er á efra eða neðra handriði.

☑ Vertu viss um að áhaldabakkinn fyrir lyftuverkfæri sé festur tryggilega á pallinn.

☑ Dragreipi áhaldabakka fyrir lyftuverkfæri er aðeins fyrir verkfæri. Festu ekki öryggisdragreipi starfsmanna við það.

Uppsetning áhaldabakka fyrir lyftuverkfæri

1 Hertu 1/4-20 x 0,75 boltana (1) fjóra.

Notkunarleiðbeiningar

Notkun áhaldabakka fyrir lyftuverkfæri

1 Staðsettu farminn þannig að hann hvíli í áhaldabakkanum.

Áhaldabakkinn fyrir lyftuverkfæri vegur samsettur 4 pund/1,8 kg.

Hámarksburðargeta áhaldabakkans er 50 pund/23 kg.

⚠ Veltihætta. Þyngd áhaldabakkans fyrir lyftuverkfæri og þyngd farmsins sem hann ber minnkar burðargetu palls vélarinnar og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall.

Leiðbeiningar um hæðartakmörkun palls

Hæðartakmörkun palls gerir það kleift að takmarka hæð pallsins.

Athugaðu og fylgdu: Hæðartakmörkun palls

☑ Lesið, skiljið og fylgið öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja hæðartakmörkun palls.

Notkun hæðartakmörkunar palls

Til að takmarka hæð:

Ath.: Það þarf að vera kveikt á „Hámarkshæð notanda“. Sjá þjónustu- og viðgerðahandbók.

1 Hækkaðu pallinn í þá hámarkshæð sem þú vilt með stjórntækjunum á pallinum.

2 Haltu niðri hnappinum til að velja lyftuaðgerðir á stjórntækjunum á pallinum í 5 sekúndur.

3 Takmörkun á hámarkshæð pallsins er virkjuð þegar:

   a LED-skjárinn á stjórntækjum á palli sýnir „LoHt“, og

   b Bjallan gefur frá sér 7 hljóðmerki.

4 Framkvæmdu virkniprófanir fyrir notkun.

Notkunarleiðbeiningar

Til að fjarlægja hæðartakmörkunina:

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

2 Togið út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á jörðu niðri í á-stöðuna.

3 Togið út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á palli í á-stöðuna.

4 Haltu niðri hnappinum til að velja lyftuaðgerðir í 5 sekúndur í hvaða hæð sem er.

5 Takmörkun á hámarkshæð pallsins hefur verið fjarlægð þegar:

   a LED-skjárinn á stjórntækjum á palli sýnir „FLHt“, og

   b Bjallan gefur frá sér 7 hljóðmerki.

Til að prófa hæðartakmörkun palls:

1 Haldið inni hnappi til að virkja lyftuaðgerðir og ýtið á upphnapp palls.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hækka upp í áður stillta hæð. Þegar pallurinn hefur náð hæðartakmörkun sinni stöðvast hann. Ef stjórnandinn heldur stýripinnanum inni til að lyfta í meira en 2 sekúndur eftir að hæðartakmörkun pallsins er náð gefur bjallan frá sér hljóðmerki í eina sekúndu og „LoHt“ birtist á LED-skjá stjórntækja á palli.

Ath.: Það þarf að vera kveikt á „Hámarkshæð notanda“ og hæð þarf að hafa verið áður stillt.

Notkunarleiðbeiningar



Leiðbeiningar um rafgeymi og hleðslutæki

Virtu og hlýddu:

☑ Ekki nota utanaðkomandi hleðslutæki eða startgeymi.

☑ Hlaða skal rafgeyminn á vel loftræstu svæði.

☑ Notaðu rétta spennu fyrir hleðslu eins og tilgreint er á hleðslutækinu.

☑ Notaðu aðeins rafgeymi og hleðslutæki sem Genie hefur viðurkennt.

Til að hlaða rafgeyminn

1 Gakktu úr skugga um að rafgeymarnir séu tengdir áður en þeir eru hlaðnir.

2 Opnaðu rafgeymahólfið. Hólfið á að vera opið á meðan á hleðslu stendur.

Viðhaldsfríir rafgeymar og litíumrafgeymar

1 Tengið hleðslutæki rafgeymis við jarðtengda innstungu.

2 Hleðsutækið tilgreinir þegar rafgeymirinn er fullhlaðinn.

Venjulegir rafgeymar

1 Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeyminum og athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar. Ef þörf krefur skal bæta aðeins því magni af eimuðu vatni á sem þarf til að þekja plöturnar. Ekki yfirfylla fyrir hleðsluferlið.

2 Settu öndunarlokin aftur á rafgeyminn.

3 Tengdu hleðslutækið við jarðtengda riðstraumsrafrás.

4 Hleðslutækið gefur til kynna hvenær rafgeymirinn er fullhlaðinn.

5 Athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Fylltu á nýjan leik með eimuðu vatni að enda áfyllingarslöngunnar. Ekki yfirfylla.

Notkunarleiðbeiningar

Eftir hverja notkun

1 Veldu öruggan stað til að leggja vélinni—trausta jafnsléttu, lausa við hindranir og umferð.

2 Lækkaðu pallinn.

3 Snúðu lyklinum í off-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að tryggja að vélin sé ekki notuð í leyfisleysi.

4 Hladdu rafgeymana.

Geymsla vélar

Ef rétt er gengið frá vélinni fyrir langvarandi geymslu verður auðveldara að koma henni aftur í þjónustu.

1 Sjá leiðbeiningar um hvernig á að ganga frá vélinni í hlutanum Eftir hverja notkun.

2 Geymdu vélina á þurrum og vel loftræstum stað. Gakktu úr skugga um að vélin sé hrein og þurr.

3 Framkvæmdu ítarlega skoðun fyrir notkun.

Gerðir með vélum: fylltu eldsneytisgeyminn.

4 Kynntu þér hlutann Reglubundið viðhald í viðeigandi þjónustuhandbók, og ljúktu við hvert smurningarferli.

5 Fjarlægðu og geymdu rafgeyminn.

6 Gerðir með vélum: Sjá frekari verklagsreglur fyrir langvarandi geymslu í OEM vélarhandbókinni. Ræstu og láttu vélina ganga í 10 mínútur, eftir þörfum..

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu



Athugaðu og fylgdu:

☑ Genie mælir með því að farið sé eftir þessum festingarleiðbeiningum. Ökumenn bera alla ábyrgð á að ganga úr skugga um að vélar séu tryggilega festar og að réttur tengivagn sé valinn.

☑ Viðskiptavinir Genie sem þurfa setja einhverja lyftu eða vöru frá Genie í gám ættu að leita til hæfs flutningsmiðlara með sérþekkingu á tilbúningi, hleðslu og festingu lyftingarbúnaðar fyrir alþjóðlega vöruflutninga.

☑ Aðeins starfsmenn með réttindi á vinnnupallinn skulu lyfta vélinni af eða á flutningabíl.

☑ Leggja verður flutningsökutækinu á láréttu yfirborði.

☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.

☑ Vertu viss um að geta ökutækisins, fermingarfletir og keðjur eða ólar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Genie-lyftur eru hlutfallslega þungar miðað við stærð. Sjá raðnúmeramerkimiða fyrir þyngd vélarinnar.

☑ Vélin verður að vera á jafnsléttu eða tryggilega frá henni gengið áður en bremsur eru losaðar.

☑ Ekki láta handriðin falla þegar smellipinnar eru fjarlægðir. Haltu föstu taki á handriðunum þegar þau eru látin síga.

☑ Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi halla eða hliðarhalla. Sjá Akstur í halla í hlutanum Notkunarleiðbeiningar.

☑ Ef hallinn á palli flutningsökutækisins fer umfram hámarksmálgildi varðandi halla upp eða niður í móti verður að ferma og afferma vélina með vindu, eins og lýst er.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Losun hemla, rafdrifsaukabúnaður

1 Skorðaðu hjólin eða skriðbeltin til að koma í veg fyrir að vélin hreyfist.



2 Vertu viss um að vindulínan sé almennilega fest við tengipunkta undirvagnsins og að leiðin sé laus við allar hindranir.

3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn bæði á stjórntækjum á jörðu niðri og á palli og staðsettu lykilrofann í jarðstillingu.

4 Finndu hemilslosunarrofann sem er undir afturenda hægri gaffalvasa.

5 Fjarlægðu verndarhlífina af veltirofanum.

6 Færðu veltirofann eins og gefið er til kynna á myndinni til að virkja hemlana. Það kviknar á viðvörun þegar hemlarnir eru losaðir.



Eftir að vélin hefur verið fermd:

1 Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.

2 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna á stjórntækjum á jörðu niðri og á palli.

3 Ýttu og haltu inni rofanum fyrir akstur/stýringu á stjórnhandfanginu. Færðu stýrishandfangið frá miðjunni og slepptu því strax til að endurstilla hemlana.

4 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á stjórntækjum pallsins í af-stöðuna.

Ekki er mælt með því að draga Genie GS1432m, GS1932m og GS1932m XH. Ef draga verður vélina skal ekki fara umfram 2 mílur/klst / 3,2 km/klst.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Fest á vörubíl eða tengivagn fyrir flutning

Notaðu alltaf framlengingalæsinguna þegar vélin er flutt.


Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn fyrir flutning.


Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.

Notaðu keðjur eða ólar með nægri burðargetu.

Notaðu að lágmarki 2 keðjur eða ólar.

Hagræddu útbúnaðinum til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.





Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Virtu og hlýddu:


- ☑ Aðeins viðurkenndir kranamenn ættu að undirbúa og lyfta vélinni.
- ☑ Eingöngu hæfir lyftarastjórnendur mega lyfta vélinni með gaffallyftara.
- ☑ Vertu viss um að burðargeta kranans, fermingarflata og óla eða tauga sé nægileg til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeramerkimiða fyrir þyngd vélarinnar.

Vélinni lyft með gaffallyftara

Gættu þess að framlengingarborðið, stýringar og hólf séu tryggilega fest. Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.

Láttu pallinn síga alveg niður. Pallurinn verður að síga við alla hleðslu og flutninga.

Notaðu gaffalvasana sem eru aftan á undirvagninum.



Settu gafflana inn í gaffalvasana.

Aktu áfram eins langt og gafflarnir ná.

Hífðu vélina upp í 16 tommu/0,4 m hæð og hallaðu síðan göfflunum lítið eitt aftur svo vélin sé örugg.

Gættu þess að vélin sé lárétt þegar gafflarnir síga.

TIL ATHUGUNAR Íhlutir geta skemmst ef vélinni er lyft upp neðan frá.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Lyftileiðbeiningar

Láttu pallinn síga alveg niður. Gættu þess að framlengingarborðið, stýringar og hólf séu tryggilega fest. Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.


Ákvarðaðu þyngdarpunkt vélarinnar með aðstoð töflunnar og myndarinnar á þessari síðu.


Festu lyftibúnaðinn aðeins við tilgreinda lyftipunkta á vélinni. Það er 2,5 cm gat í hverju horni á drifundirvagninum fyrir lyftingu.

Lagfærðu lyftibúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni og til að halda henni láréttri.

Tafla yfir þyngdarmiðju (Raunstærðir geta verið aðrar vegna stillingar vélar, valkosta og framleiðsluþols)

Gerð	X-ás	Y-ás
GS-1432m	21,85 to. 55,5 cm	19 to. 48,3 cm
GS-1932m	21,85 to. 55,5 cm	18 to. 45,7 cm
GS-1932m Lite	21,85 to. 55,5 cm	20 to. 50,8 cm





1	X-ás
2	Y-ás

Viðhald



Athugaðu og fylgdu:

☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

☑ Tæknimenn með tilskilin réttindi skulu sinna reglubundinni viðhaldsskoðun, eins og tilgreint er af framleiðanda.

☑ Farga skal efni í samræmi við opinberar reglugerðir.

☑ Notaðu aðeins varahluti sem Genie hefur viðurkennt.

Skýringartexti viðhaldstákna

Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.



Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum við þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.

Glussaolíustaða athuguð



Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið réttri. Röng staða glussa getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til vandamála í vökvakerfinu.

1 Gættu þess að vélin sé á traustu og jöfnu yfirborði sem er laust við hindranir, á meðan pallurinn er í frágenginni stöðu.

2 Skoðaðu olíustöðuna í glussatankinum.

⊙ Niðurstaða: Glussastaðan ætti að vera milli merkjanna ADD (bæta við) og FULL (fullur) á glussatankinum.

3 Bættu á olíu ef þörf er á. Ekki yfirfylla.

Tæknilýsing glussa	
Gerð glussa	Chevron Rando HD jafngildi

Ath.: Upplýsingar um notkun í köldu veðri og um aðra vökvakerfisvökva er að finna í Genie Scissor viðhaldshandbókinni.

Viðhald

Athuga rafgeymana



Gott ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og notkunaröryggi. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.

⚠ Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

⚠ Hætta á líkamstjóni. Rafgeymar innihalda sýru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Ath.: Framkvæmdu þetta próf eftir að hafa fullhlaðið rafgeymana.

1 Farðu í hlífðarfatnað og settu á þig augnhlífar.

2 Gættu þess að tengi rafgeymakapals séu hert og laus við tæringu.

3 Gættu þess að rafgeymafestingarnar séu til staðar og traustar.

Ath.: Ef bætt er við pólhlífum og ryðvörn kemur það í veg fyrir ryð á rafgeymapólum og köplum.

Reglubundið viðhald

Viðhald sem sinnt er ársfjórðungslega, árlega og annað hvert ár skal sinnt af einstaklingi sem hlotið hefur þjálfun og tilskilin réttindi til að sinna viðhaldi á þessari vél í samræmi við verkferla sem lýst er í þjónustuhandbók vélarinnar.

Vélar sem ekki hafa verið í notkun í meira en þrjá mánuði verða að gangast undir ársfjórðungslega skoðun áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Fylgið öllum staðbundnum og opinberum reglum þegar vélin er tekin úr umferð og henni fargað í lok líftíma hennar. Sjá frekari upplýsingar í viðeigandi Genie-þjónustuhandbók.

Tæknilýsing

Gerð		GS-1432m
Hæð, vinna utanhúss	18 fet 0 to.	5,66 m
Hæð, pallur utanhúss	12 fet 0 to.	3,66 m
Hæð, vinna innanhúss	20 fet 1 to.	6,30 m
Hæð, pallur innanhúss	14 fet 1 to.	4,30 m
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið uppi	6 fet 2 to.	1,88 m
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið felld saman	4 fet 11 to.	1,49 m
Hæð, hámark, frágengið	2 fet 6 to.	0,78 m
Hæð, inngangshlið	3 fet 7 to.	1,10 m
Breidd	32 to.	0,81 m
Lengd, frágenginn	4 fet 7 to.	1,40 m
Lengd, framlengdur pallur	6 fet 7 to.	2 m
Lengd framlengingar palls	24 to.	0,60 m
Mál palls (lengd x breidd)	4 fet 7 to. x 30 to.	1,40 m x 0,77 m
Hámarksburðargeta	500 pund	227 kg
Hámarksvindhraði, utanhúss	28 mílur/klst.	12,5 m/s
Hámarksvindhraði, innanhúss	0 mílur/klst.	0 m/s
Hjólhaf	3 fet 8 to.	1,12 m
Snúningsgeisli (ytri)	4 fet 6 to.	1,37 m
Snúningsgeisli (innri)	0 to.	0 cm
Hæð frá jörðu	2,8 to.	7 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	0,75 to.	2 cm
Þyngd	1.984 pund	900 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)		
Aflgjafi		2 rafgeymar, 12 V 115 AH
Aflgjafi (Litíum,valbúnaður)		1 rafgeymir, 24 V
Spenna kerfis		24 V
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	1.800 psi	124 bör
Dekkjastærð	10 x 3 to.	25 x 8 cm
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.		
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 1,6 fet/s^2 eða 0,5 m/s^2.		

Umhverfishiti við notkun		
Lágmark	-20°F	-29°C
Hámark	120°F	49°C
Hávaðamengun í lofti		
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri		<70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli		<70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða		25% (14°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða		25% (14°)
Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.		
Leyfilegur hámarkshalli undirvagns		Vísar til kafla um „Virkjunarstillingar hallaskynjara“
Flokkun vélar		Flokkur A/Gerð 3 skv. skilgreiningu ISO 16368
Ökuhraði		
Í frágangsstöðu, hámark	2,5 mílur/klst.	4,0 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,5 mílur/klst. 40 fet/55 sek.	0,8 km/klst. 12,2 m/55 sek.

Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-1432m		
Hámarksþungi á dekki	937 pund	425 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	143 psi	10 kg/cm^2 988 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	203 psf	1.000 kg/m^2 9,73 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.		
Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.		

Tæknilýsing

Gerð		GS-1932m
Hæð, vinna utanhúss	21 fet 0 to.	6,57 m
Hæð, pallur utanhúss	15 fet 0 to.	4,57 m
Hæð, vinna innanhúss	24 fet 2 to.	7,55 m
Hæð, pallur innanhúss	18 fet 2 to.	5,55 m
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið uppi	6 fet 5 to.	1,97 m
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið felld saman	5 fet 2 to.	1,58 m
Hæð, hámark, frágengið	2 fet 10 to.	0,87 m
Hæð, inngangshlið	3 fet 7 to.	1,10 m
Breidd	32 to.	0,81 m
Lengd, frágenginn	4 fet 7 to.	1,40 m
Lengd, framlengdur pallur	6 fet 7 to.	2 m
Lengd framlengingar palls	24 to.	0,6 m
Mál palls (lengd x breidd)	4 fet 7 to. x 30 to.	1,40 m x 0,77 m
Hámarksburðargeta	500 pund	227 kg
Hámarksvindhraði, utanhúss	28 mílur/klst.	12,5 m/s
Hámarksvindhraði, innanhúss	0 mílur/klst.	0 m/s
Hjólhaf	3 fet 8 to.	1,12 m
Snúningsgeisli (ytri)	4 fet 6 to.	1,37 m
Snúningsgeisli (innri)	0 to.	0 cm
Hæð frá jörðu	2,8 to.	7 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	0,75 to.	2 cm
Þyngd	2.600 pund	1179 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)		
Aflgjafi		2 rafgeymar, 12 V 115 AH
Aflgjafi (Litíum, valbúnaður)		1 rafgeymir, 24 V
Spenna kerfis		24 V
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	2.400 psi	165,5 bör
Dekkjastærð	10 x 3 to.	25 x 8 cm
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.		
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 1,6 fet/s^2 eða 0,5 m/s^2.		

Umhverfishiti við notkun		
Lágmark	-20°F	-29°C
Hámark	120°F	49°C
Hávaðamengun í lofti		
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri		<70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli		<70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða		25% (14°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða		25% (14°)
Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.		
Leyfilegur hámarkshalli undirvagns		Vísar til kafla um „Virkjunarstillingar hallaskynjara“
Flokkun vélar		Flokkur A/Gerð 3 skv. skilgreiningu ISO 16368

Ökuhraði		
Í frágangsstöðu, hámark	2,5 mílur/klst.	4,0 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,5 mílur/klst. 40 fet/55 sek.	0,8 km/klst. 12,2 m/55 sek.

Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-1932m		
Hámarksþungi á dekki	1.257 pund	570 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	164 psi	10,13 kg/cm^2 1131 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	254 psf	1238 kg/m^2 12,16 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.		

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð		GS-1932m XH
Hæð, vinna utanhúss	24 fet 2 to.	7,55 m
Hæð, pallur utanhúss	18 fet 2 to.	5,55 m
Hæð, vinna innanhúss	24 fet 2 to.	7,55 m
Hæð, pallur innanhúss	18 fet 2 to.	5,55 m
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið uppi	6 fet 5 to.	1,97 m
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið felld saman	5 fet 2 to.	1,58 m
Hæð, hámark, frágengið	2 fet 10 to.	0,87 m
Hæð, inngangshlið	3 fet 7 to.	1,10 m
Breidd	32 to.	0,81 m
Lengd, frágenginn	4 fet 7 to.	1,40 m
Lengd, framlengdur pallur	6 fet 7 to.	2 m
Lengd framlengingar palls	24 to.	0,6 m
Mál palls (lengd x breidd)	4 fet 7 to. x 30 to.	1,40 m x 0,77 m
Hámarksburðargeta	500 pund	227 kg
Hámarksvindhraði, utanhúss	28 mílur/klst.	12,5 m/s
Hámarksvindhraði, innanhúss	0 mílur/klst.	0 m/s
Hjólhaf	3 fet 8 to.	1,12 m
Snúningsgeisli (ytri)	4 fet 6 to.	1,37 m
Snúningsgeisli (innri)	0 to.	0 cm
Hæð frá jörðu	2,8 to.	7 cm
Hæð frá jörðu Holuhlífar útblásnar	0,75 to.	2 cm
Þyngd	2.880 pund	1.306 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)		
Aflgjafi		2 rafgeymar, 12 V 115 AH
Aflgjafi (Litíum,valbúnaður)		1 rafgeymir, 24 V
Spenna kerfis		24 V
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	2.400 psi	165,5 bör
Dekkjastærð	10 x 3 to.	25 x 8 cm
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.		
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 1,6 fet/s^2 eða 0,5 m/s^2.		

Umhverfishiti við notkun		
Lágmark	-20°F	-29°C
Hámark	120°F	49°C
Hávaðamengun í lofti		
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri		<70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli		<70 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða		25% (14°)
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða		25% (14°)
Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.		
Leyfilegur hámarkshalli undirvagns		Vísar til kafla um „Virkjunarstillingar hallaskynjara“
Flokkun vélar		Flokkur A/Gerð 3 skv. skilgreiningu ISO 16368
Ökuhraði		
Í frágangsstöðu, hámark	2,5 mílur/klst.	4,0 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,5 mílur/klst. 40 fet/55 sek.	0,8 km/klst. 12,2 m/55 sek.

Upplýsingar um hleðslu á gólfi, GS-1932m XH		
Hámarksþungi á dekki	1.239 pund	562 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	147 psi	10,34 kg/cm^2 1.014 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	277 psf	1.350 kg/m^2 13,24 kPa
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.		

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Dreift af:

www.genielift.com